




Safnaðarblað Akureyrarkirkju

Kirkjuvika 4.-11. mars:

Reglubundnu safnaðarstarfi lyft upp

Víkuna 4.-11. mars 2012 köllum við Kirkjuviku, ekki það að allar vikur eru auðvitað Kirkjuvikur því kirkjan er sífellt að störfum, hennar hlutverk er að þjóna Guði og náunganum hvern einasta dag. Hins vegar er gott að staldra stundum við og brjóta upp hversdaginn ekki hvað síst til að opna augu okkar fyrir því hvað hversdagurinn hefur upp á mikið að bjóða.

Í ljósi þess ætlum við í Akureyrarkirkju að lyfta upp hinu reglubunda safnaðarstarfi og gera það sýnilegra öllum þeim sem kjósa að vera þátttakendur. Þann 4. mars er æskulýðsdagur Þjóðkirkjunnar og á sérlega vel við að hefja vikuna á þeim þætti kirkjunnar sem myndar grundvöll þess að hún lifi og dafni, börnin okkar og unglingarnir verða í forgrunni þjónustunnar í hressandi fjölskyldumessu klukkan 11:00. Að lokinni messu verður boðið upp á léttan hádegisverð og sýning á Krossum Jóns Geirs Ágústssonar opnuð með pompi og prakt.

Um kvöldið klukkan 20:00 mun síðan rómantíkin í bland við alvöru lífsins ráða ríkjum því þá blásu við til paramessu í fyrsta sinn í sögu Akureyrarkirkju. Öllum þörum, giftum sem ógiftum, samkynhneigðum og gagnkynhneigðum, er boðið sérstaklega til guðsþjónustu þar sem hjónin Lára Sóley og Hjalti leika og syngja

alveg sjóðheit ástarlög. Presturinn talar um hjónabandið og ástarsambönd og ástina í margvíslegum myndum og við fáum að hlýða á tvenn þör sem opinbera okkur hvernig þau rækta samband sitt og uppskera eins og þau sá. Þetta verður spennandi og öðruvísi upplifun fyrir heitbundið fólk og auðvitað alla sem langar til að koma.

Miðvikudaginn 7. mars kemur Bryndís Símonardóttir á foreldramorgunn og spjallar við nýbakaða foreldra um allt sem viðkemur fjölskyldulífi og þeim breytingum sem verða þegar nýr einstaklingur bætist í hópinn. Um kvöldið klukkan 20:00 köllum við fermingarfjölskyldur til kirkju og fáum um leið heimsókn frá áfangaheimilinu á Laugalandi og er það liður í forvarnarfræðslu kirkjunnar sem er auðvitað hluti af fermingarfræðslunni.

Fimmtudaginn 8. mars verður Kyrrðarstund með hátíðlegu ívafi klukkan 12:00 og klukkan 12:30 eru bornar fram léttar veitingar í Safnaðarheimilinu. Klukkan 15:00 þann sama dag er samvera eldri borgara í Safnaðarheimilinu og þar mun séra Sigurður Ægisson sóknarprestur á Siglufirði fjalla um íslenska fugla og þjóðtrú.

Sunnudaginn 11. mars klukkan 14:00 er hátíðarmessa í Akureyrar-

kirkju og klukkan 16:00 eru tónleikar í kirkjunni þar sem allir kórar kirkjunnar syngja og með því lýkur þessari

dagskrá sem myndar Kirkjuvikuna 2012. Við hlökkum til að sjá þig.

Starfsfólk Akureyrarkirkju.

Kríasálmar

Föstudaginn 2. mars hefst að nýju tónlistarnámskeiðið Kríasálmar í Akureyrarkirkju. Þetta er í sjötta sinn sem slíkt námskeið er haldið í kirkjunni en það er ætlað foreldrum ungubarna á fyrsta ári. Markmiðið er að kenna foreldrum hvernig nota má tónlist til aukinna tengsla og örvunar við börnin þeirra. Kennnd eru ýmis lög og leikir og lögd áhersla á tengsl snertingar, söngs og hreyfingar. Raddir foreldranna eru þar fyrstu sem ungbörn læra að þekkja og það veitir þeim öryggi og ánægju að heyra þær.



Mynd: Eyþór Ingi Jónsson.



Mynd: Eyþór Ingi Jónsson.

Sönghæfileikar skipta því engu máli í þessu samhengi en málið snýst fyrst og fremst um að rækta tengsl foreldris og barns! Einkum er notast við tónlist kirkjunnar, þekkt barnalög, leiki og þulur en einnig kynnt tónlist til hlustunar og leikið með hljóðfæri og hluti.

Námskeiðið er tvisvar í viku, 45 mínútur í senn, á þriðjudögum og á föstudögum kl. 10:30 og er þátttökugjald kr. 3000 fyrir sex skipti. Skráning og nánari upplýsingar veitir Sigrún Magna í síma 820-7447, einnig má senda tölvupóst á netfangið sigrun@akirkja.is

Mikil ánægja með kóramót

Laugardaginn 11. febrúar sl. hittust 7 kórar á barnakóramóti í Akureyrarkirkju. Þetta voru barnakórar frá Svalbarðsströnd, Hrafnagilsskóla, Pelamerkurskóla, Giljaskóla, Lundarskóla og yngri og eldri barnakór Akureyrarkirkju.

Mikil ánægja var með mótið en því lauk með stuttum tónleikum í Akureyrarkirkju. Það er alltaf eitthvað spennandi framundan og núna standa fyrir dyrum tónleikar með öllum kór-um Akureyrarkirkju í mars og einnig eru listamenn að semja söngleik fyrir barnakóra Akureyrarkirkju sem fluttur verður næsta haust. Börn sem hafa áhuga á að syngja í kór eru hvött til að hafa samband við Sigrúnu Mögnu, kórstjóra, á netfangið sigrun@akirkja.is og skrá sig.



Sjö kórar tóku þátt í barnakóramóti í Akureyrarkirkju.



Jesus Christ Superstar frumsýnt í Rýminu

Nú er allt að gerast í söngleikjamálum leikhópsins Adrenalín. Þann 27. mars munum við frumsýna Jesus Christ Superstar í Rýminu og er nú þegar ljóst að um glæsilega uppsetningu er að ræða.

Unglingarnir okkar hér á Akureyri eru algjör hæfileikabúnt, undirrituð er byrjuð að brynna músunum á æfingum enda er þar einlæggi og leikgleði sem ræður ríkjum. Þóra

Karítas Árnadóttir leikstýrir verkinu en Þórhildur Örvarsdóttir heldur utan um tónlistina. Verkefnið er samstarf Akureyrarkirkju, Leikfélags

Akureyrar sem hefur staðið gríðarlega vel að málum og verið okkur mikill stuðningur og síðast en ekki síst grunnskóla Akureyrar, undir

handleiðslu Hlínar Bolladóttur kennara við Oddeyrarskóla.

Það eru spennandi tímar framundan. *Hildur Eir.*

Frá trúarlegri þjónustu á Sjúkrahúsinu

Um síðustu áramót lét Valgerður Valgarðsdóttir djákni af störfum á Sjúkrahúsinu á Akureyri.

Valgerður hafði gegnt starfi djákna á Sjúkrahúsinu í 17 ár, lengst af ein og byggði hún upp starfsemi trúarlegrar þjónustu þar. Þökkum við henni mikil og óeigingjarnt brautryðjendastarf og óskum henni blessunar í nýjum aðstæðum.

Þjónustan er áfram á sínum stað fyrir sjúklinga, aðstandendur og starfsfólk. Sjúkrahúsprestur er sr. Guðrún Eggertsdóttir.



Adrenalínbópurinn á æfingu ásamt Þórbildi og Þóru Karítas.

Starfið í Akureyrarkirkju næstu vikurnar

Mars

Föstudagur 2. mars

Krítasálmanámskeið kl. 10:30.

Sunnudagurinn 4. mars, æskulýðsdagurinn, uppbaf Kirkjuviku

Fjölskyldumessa í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

Opnun á sýningu á Krossum Jóns Geirs Agústssonar í Safnaðarheimilinu eftir messuna.

Paramessa í Akureyrarkirkju kl. 20:00.

Priðjudagurinn 6. mars

Krítasálmanámskeið kl. 10:30.

Fermingarfræðsla kl. 15:30.

Hópur II, Lundarskóli.

Miðvikudagur 7. mars

Fundur með fermingarörnum og foreldrum þeirra í Akureyrarkirkju kl. 20:00.

Fimmtudagur 8. mars


Samvera eldri borgara í Safnaðarheimilinu kl. 15:00.

Föstudagur 9. mars

Krítasálmanámskeið kl. 10:30.

Sunnudagurinn 11. mars, lok Kirkjuviku

Sunnudagaskóli í Safnaðarheimilinu kl. 11:00.



Hátíðarmessa í Akureyrarkirkju kl. 14:00.

Tónleikar allra kóra Akureyrarkirkju í Akureyrarkirkju kl. 16:00.

Mánudagur 12. mars

Handavinnufundur Kvenfélags Akureyrarkirkju kl. 16:30.

Priðjudagurinn 13. mars

Krítasálmanámskeið kl. 10:30.

Fermingarfræðsla kl. 15:30.

Hópur III, Oddeyrar- og Naustaskóli.

Föstudagur 16. mars

Krítasálmanámskeið kl. 10:30.

Sunnudagurinn 18. mars

Messa í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

Sunnudagaskóli í Safnaðarheimilinu kl. 11:00.

Priðjudagurinn 20. mars

Krítasálmanámskeið kl. 10:30.

Bænaslökun og jóga í Akureyrarkirkju kl. 12:10.

Fermingarfræðsla kl. 15:30, próf.

Föstudagur 23. mars

Krítasálmanámskeið kl. 10:30.

Sunnudagurinn 25. mars

Guðsþjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

Sunnudagaskóli í Safnaðarheimilinu kl. 11:00.

Priðjudagurinn 27. mars

Fermingarfræðsla kl. 15:30, próf.

Bænaslökun og jóga í Akureyrarkirkju kl. 12:10.

Föstudagur 30. mars

Æfing fermingarbarna í Safnaðarheimilinu kl. 16:00. (Pau sem fermast 31. mars).

Æfing fermingarbarna í Safnaðarheimilinu kl. 17:00. (Pau sem fermast 1. apríl).

Laugardagurinn 31. mars

Fermingarmessa kl. 10:30.

Apríl

Pálmásunnudagur 1. apríl

Fermingarmessa kl. 10:30.

Fastir liðir

Mánudagar:

Leikfélagið Adrenalín í Rýminu kl. 14:30-16:00.

Sóknarnefndarfundir eru fyrsta mánudag hvers mánaðar.

Priðjudagar:

Morgunsöngur í kapellu kl. 9:00.

Æfing Kórs Akureyrarkirkju kl. 20:00-22:00.

Miðvikudagar:

Foreldramorgunn kl. 9:30-11:30.

Kirkjukrakkarar í kapellu kl. 15:00-16:00.

TTT í kapellu kl. 17:00-18:00.

ÆFAK í Safnaðarheimilinu kl. 20:00-21:00.

12 spora starf í Safnaðarheimilinu kl. 20:00-21:00.

Fimmtudagar:

Kýrðar- og fyrirbæstund kl. 12:00.

Léttur hádegisverður í Safnaðarheimilinu eftir stundina.

Æfing yngri barnakórsins í kapellu kl. 15:00-16:00.

Æfing eldri barnakórsins í kapellu kl. 16:00-17:00.

Æfing Stúlkakórsins í Akureyrarkirkju kl. 16:00-17:00.